

**Sp. 408. Tillaga til þingsályktunar [204. mál]**

um úrsögn Íslands úr Atlantshafsbandalagi og uppsögn varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna.

Flm.: Gils Guðmundsson, Eðvarð Sigurðsson, Garðar Sigurðsson,  
Geir Gunnarsson, Helgi F. Seljan, Jónas Árnason, Lúðvík Jósepsson,  
Ragnar Arnalds, Sigurður Magnússon, Stefán Jónsson,  
Svava Jakobsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að segja upp aðild Íslands að Norður-Atlantshafssamningnum, er gekk í gildi 24. ágúst 1949.

Enn fremur ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að æskja nú þegar endurskoðunar á varnarsamningi milli Íslands og Bandaríkjanna frá 5. maí 1951, í samræmi við ákvæði samningsins, svo og að leggja fyrir Alþingi frumvarp til uppsagnar samnings þessa, þegar er endurskoðunarfrestur sá, sem í samningnum er ákveðinn, heimilar uppsögn hans.

**Greinargerð.**

Eftir stofnun lýðveldis á Íslandi 1944 og við lok heimsstyrjaldarinnar ári síðar ólu margir þá von í brjósti að nýir og betri tímar væru í vændum, ekki ein-

ungis á Íslandi, heldur um heimsbyggð alla. Menn gerðu sér vonir um að þær þjóðir, sem sameinaðar höfðu brotið niður morðvél fasismans, kostuðu kapps um að skipa málum heims af sannsýni og tryggja varanlegan frið. Stofnun Sameinuðu þjóðanna jók bjartsýni manna. En brátt tók að skipast veður í lofti.

Þegar að styrjaldarlokum tóku fulltrúar bandarískrar heimsvaldastefnu til óspilltra málanna og unnu að því markvisst að efla „vígstöðu styrkleikans“, sem þeir nefndu svo. Bandaríkjamenn réðu þá einir þjóða yfir hinu nýja ægipopni, kjarnorkusprengrunni, og steig það leiðtogum þeirra mjög til höfuðs. Framkvæmd „styrkleikastefnunnar“ var í því fólgin, að næstu árin eftir styrjöldina komu Bandaríkin sér upp herstöðvakeðjum víðs vegar og stofnuðu hernaðarbandalög um þvera heimsbyggðina undir því yfirskini að með því væri verið að stemma stigu við „útþenslustefnu heimskommúnismans“. Kalda stríðið var hafið og komst brátt í algleyming. Bandaríkin lögðu sig mjög fram um að hressa við auðvald hinna sigruðu fasistaríkja, Japans, Vestur-Þýskalands og Ítalíu. Þau gerðu nýfasistaríkin Grikkland og Tyrkland að bandamönnum og kostuðu kapps um að hnýta Spán Francos fastan í hessa kærleikskeðju.

Stofnun Natós árið 1949 var án efa stærsti áfanginn sem stjórnendur Bandaríkjanna náðu að stríðslokum í því skyni að treysta valdastöðu sína og strengja hernaðarnet um þvera og endilanga jarðkringluna. Mjög var það á orði haft, að tilgangurinn með stofnun og starfi Natós væri að hefta „landvinningastefnu Sovétríkjanna“, „stöðva flóðbylgju heimskommúnismans“ o. s. frv. Hitt má nú teljast óumdeilanleg sagnfræðileg staðreynd, að Bandaríkin komu sér upp hernaðarbandalögum sínum og herstöðvakeðjum fyrst og fremst í því skyni að treysta eigið drottinvald yfir auðvaldslöndunum og löndum þriðja heimsins, sem á þessum árum bjuggu sig undir það hvert af öðru að losa sig úr fjötrum arðráns og nýlendukúgunar. Það var de Gaulle Frakklandsforseti, sem fyrstur borgaralegra ráðamanna á Vesturlöndum kvað upp slíkan dóm, afneitaði drottinvaldi Bandaríkjanna bæði í orði og verki, rak allt bandarískt herlið frá Frakklandi og sendi herstjórn og starfslið Natós sömu leið.

Stofnun og starf Natós er einhver stærsti og heiskasti ávöxtur kalda stríðsins. Það stríð hófu leiðtogar Bandaríkjanna þegar við lok heimsstyrjaldarinnar síðari. Hefur með nokkrum rétti verið sagt, að kjarnorkusprengrunarnar, sem reyndar voru á óbreyttum borgurum í Hirósíma og Nagasaki, hafi verið fyrstu skotin sem hleypt var af í kalda stríðinu. Truman forseti hefur sjálfur frá því skýrt, að ákvörðunin um að varpa kjarnorkusprengrum á japönsku borgirnar tvær að styrjaldarlokum hafi ekki hvað síst verið tekin til að sýna rússum í tvo heimana og ógna þeim til að hafa sig hæga.

Hér verður það ekki rakið nánar, hvers konar blekkingum og fölsunum var beitt við stigmögnun kalda stríðsins, meðan verið var að smala þjóðum Vestur-Evrópu inn í Atlantshafsbandalagið. Þessum þjóðum var óneitanlega ærin vorkunn, þótt þær væru auðskelfdar, svo skömmu eftir alla þá ógn, sem nasisminn og fasisminn höfðu yfir þær kallað. Það varð heldur ekki sagt, að ráðamenn Sovétríkjanna með Stalín í broddi fylkingar auðvelduðu alþýðu manna á Vesturlöndum baráttuna fyrir friði og afvopnun. Hitt ætti flestum að vera orðið ljóst nú, sem kann að hafa verið þeim hulið fyrir þrjátíu árum, að ástæðurnar fyrir stofnun bandalagsins voru ekki yfirvofandi áráshætta frá Sovétríkjunum, heldur fyrst og fremst ótti við alþýðu Vestur-Evrópu og aukinn áhrifamátt róttækra afla í þeim heimshluta. Hitt er og vafalaust, að bandaríkjamenn hugðust tryggja sér til frambúðar jafnstórkostlega hernaðaryfirburði yfir Sovétríkin og þeir höfðu í stríðslok. Með því móti gætu þeir reist skorður við áhrifum þeirra á alþjóðavettvangi og tryggt að sem víðast sætu ríkisstjórnir er lúta vildu bandarísku forræði og líklegar væru til að efla „frjálst framtak“ heimsauðvaldsins.

Eftir að Nató var stofnað, átti það sinn mikla þátt í að magna kalda stríðið og viðhalda því. Nú viðrökna flestir hugsandi menn þá staðreynd, að kalda stríðið hafi verið sú tegund hernaðar, sem eitraði allt andrúmsloft heimsins á

meðan það geisaði í algleymingi. Er og fullvíst, að telja má það einstaka mildi að ekki kom á þessum árum til stórstyrjaldar í Evrópu, þar sem kjarnorkuvopnum hefði verið beitt. En með dyggum stuðningi Natós tókst áróðursmeisturum Bandaríkjanna að fylla sálir hundraða milljóna manna hatri á þjóðum, sem höfðu aðra þjóðfélagsskipan en bandaríkjamönnum féll í geð, auk þess sem róttæk alþýða vestrænna landa var niðd og ofsótt fyrir það eitt að gera sér aðrar hugmyndir um æskilegt stjórnarfar í eigin landi en auðjöfrarnir í Wall Street og hershöfðingjarnir í Pentagon töldu við hæfi. Amerískir stjórnámálamenn og hershöfðingjar töldu um það árum saman eins og sjálfsgaðan hlut, hvernig sprengja mætti í loft upp tilgreindar höfuðborgir og iðjuver, hvernig auðveldlega mætti gjöreyða öllum jurtagróðri í tilteknum löndum, á hvern hátt best væri að haga sýklahernaði og eiturgashernaði og þar fram eftir götunum. En það, sem þótti ekki heppilegt að segja opinberlega (skipulagning launmorða, ráðning launmorðingja, samband við kvíslinga o. fl.), var eftirlátið CIA, eins og nýlega hefur komið eftirminnilega fram í dagsljósið. Til margra þessara verka reyndist Nató óhvikull bandamaður og Natóleppar ýmissa landa létu ekki sitt eftir liggja um útbreiðslu „fagnaðarerindisins“.

Ein meginforsenda bandarískra stjórnámálanna fyrir stofnun Natós og öflugum hergagna- og fjárhagsstuðningi við heri bandamanna þeirra var sú, að margir voru þessir pólitísku leiðtogar tregir til að fórna í ríkum mæli lífi bandaríkjamanna í styrjöld. Þeir höfðu reynslu af því, að slíkar fórnir eru óvinsælar heima fyrir, jafnvel þótt barist sé fyrir þeim „hugsjónum“ að efla áhrifamátt Bandaríkjanna og hnekkja valdi kommúnista og annarra „rangt hugsandi“ manna. Jafnvel sú styrjaldarlist, sem í því var fólgin að hella eldi og eimyrju yfir fátæka bændur austur í Asíu og brenna akra þeirra með bensínhlaupi, reyndist engan veginn háskalaus. síst heima fyrir. Það var því afar mikils virði, að dómi bandarískra ráðamanna, að hafa með stofnun Nató og fjárhagslegum stuðningi við þann félagskap getað keypt í heildsölu tugir herdeilda evrópumanna til að standa í vigstöðu og berjast fyrir sig þegar henta þætti. Eisenhower, þáverandi Bandaríkjaforseti, orðaði þetta svo í ræðu um Nató 1951:

„Það þarf mann og byssu til að berjast. Bandaríkin sjá fyrir byssunni, Evrópa fyrir manninum. Evrópa verður að leggja til meginþorra fótgönguliðanna, framlag okkar verður sáralítið í því efni.“

Nokkru síðar ávarpaði sami forseti Bandaríkjaþing og lýsti þá hernaðarhugsjón sinni með svofelldum orðum:

„Ef Bandaríkin þurfa aðeins að útvega byssuna og geta fengið einhvern annan til að bera hana og vinna nauðsynlegustu verkin, þá er ég ánægður.“

Árið 1974, þegar Íslendingar héldu háttíðlegt afmæli ellefu alda byggðar í landinu, var einnig minnst annars afmælis, raunar með ýmsum hætti og breytilegu hugarfari: Nató var 25 ára. Vinir og vandamenn spöruðu ekki lofsyrði um félagskapinn, sem þeir töldu að hefði stöðvað framsókn kommúnismans í Evrópu og tryggt frið í álfunni. Aðrir rifjuðu upp í tilefni afmælisins ýmsar staðreyndir úr aldarfjórðungs sögu þessa „friðarbandalags“. Nokkrar staðreyndanna fara hér á eftir.

Á 25 ára ævi friðarbandalagsins höfðu aðildarríki þess háð 25 styrjaldir í þremur heimsálfum. Langsamlega afkastamest var forusturíkið, Bandaríkin, en fastarnir í Portúgal komu næstir. Sömu vikurnar og Nató-afmælisins var minnst börðust tvö aðildarríkin, Grikkland og Tyrkland, bæði þrýðilega vopnum búin frá þriðja ríki friðarbandalagsins, USA.

Samtals höfðu Natóarríkin eytt um tveimur billjónum dollara í herbúnað og stríð, svipaðri upphæð og nægt hefði nokkurn veginn til að útrýma hungri og neyð úr heiminum. 25 ár hafði þúsundum milljarða verið fleygt í æðisgenginn vigbúnað, auðæfum jarðar breytt í sprengjur og vinnu fólks í eldflaugar. Eftir sem áður vofir sjálf eyðing mannkyns yfir. Hin ægilegu kjarnorkuvopn eru dreifð um allar jarðir.

Allt frá inngöngunni í Nató 1949 hefur íslenska þjóðin verið klofin í tvær andstæðar fylkingar, ósættanlegar meðan landið er aðili að hernaðarbandalagi og hér dvelur erlendur her. Þeim íslendingum hefur sem betur fer farið fjölgandi á síðustu árum, sem sjá í gegnum blekkingavef Natósinna. Tvennt hefur einkum auðveldað mönnum að átta sig á eðli málsins: Hið fyrra var sú staðreynd, að ein af bandalagsþjóðum, Bretar, fékk hvað eftir annað að ráðast með vopnuðu ofbeldi inn á íslenskt hafsvæði, án þess að við þeim væri blakað. Hið síðara eru skýrslur þær um bandaríska utanríkisstefnu og viðskipti íslenskra og bandarískra ráðamanna á þeim tíma er Nató-aðild Íslands var á döfinni. Þetta tvennt hefur opnað augu margra fyrir því, að hlutverk Natós á Íslandi er hið sama og í öðrum löndum Vestur-Evrópu: Að vernda innlent og erlent afturhald og auðstétt og halda í skefjum, eftir því sem þurfa þykir, hverri þeirri hreyfingu og pólitískri framkvæmd, sem talin er alvarleg ógnun við forræði ráðandi stéttar og aðstöðu til auðsöfnunar og yfirdrottnunar.

Þegar verið var að koma Íslandi í hernaðarbandalagið árið 1949 skorti ekki hátiðleg loforð og svardaga, þar sem því var marglýst yfir að hér skyldu aldrei verða erlendar herstöðvar eða erlendur her á friðartímum.

Ekki liðu nema rúm tvö ár frá því eiðarnir voru svarnir þar til valdhafar þjóðarinnar drógu lokur frá hurðum og stóðu uppi sem eiðrofar. Í algeru heimildarleysi og án þess að kveðja Alþingi saman, leyfði ríkisstjórn Íslands hertöku landsins á vordögum 1951, eftir að Bandaríkjastjórn hafði m.a. beitt þeim blekkingum, að rússnesk innrás í Ísland væri yfirvofandi. Öllum kröfum um þjóðaratkvæðagreiðslu var þverlega synjað, og hefur herliðið setið hér síðan, án þess að það mál hafi nokkru sinni verið lagt undir þjóðardóm.

Að nafninu til er bandarískur her í landinu til að verja þjóðina. Flestum mun nú ljóst orðið, að þetta er fáránlegt en jafnframt háskalegt öfugmæli. Það er nú viðurkennt af öllum að heita má, að herstöðvar geta litla sem enga vörn veitt í nútímastyrjöld, en kalla þvert á móti mikinn háska yfir landsmenn. Mestur er háskinn af þeim herstöðvum, sem geyma eða kunna að geyma atómvopn innan sinna vébanda. Er það sannast sagna furðulegt ábyrgðarleysi hjá íslenskum stjórnvöldum að hafa ekki gengið algerlega úr skugga um það, hvort Bandaríkjaher hér á landi sé með kjarnorkuvopn af einhverju tæi. Hvað eftir annað hefur því verið haldið fram í markverðum heimildum að svo sé.

Í framsögu fyrir tillögu þessari verður vikið nánar en hér er gert að ýmsum þeim hættum, sem af langvarandi hersetu stafa, svo og spillingaráhrifum þeim margvíslegum, sem herstöðvunum eru samfara. Nægir í því efni að minna á hin mörgu og stórfelldu auðgunarbrot og fjársvikamál, sem uppvís hafa orðið í sambandi við hersetuna — og dettur þó engum í hug að þar hafi öll kurl komið til grafar. Nú hin síðustu ár hefur enn ein tegund spillingar dafnað í tengslum við herstöðina, en það er smygl og neysla eituryfja og hvers konar fíkniefna.

Með erlendum herstöðvum í landi okkar á friðartímum erum við að binda hendur okkar, beint og óbeint, á sviði utanríkismála og stuðla að tvíbýli í landinu, sem engri þjóð er hærilegt til lengdar. Með úrsögn úr hernaðarbandalagi, óháðri utanríkisstefnu og afnámi herstöðva hér á landi göngum við íslendingar gegn þeirri sameiginlegu stefnu rússa og bandaríkjamanna að viðhalda ríkjandi ástandi og skipta Evrópu upp í áhrifasvæði á milli sín og segja smárikjum og miðlungsstórum ríkjum fyrir verkum. Með því göngum við gegn hagsmunum ríkjandi afla hjá risaveldunum báðum.

Uppsögn Nató-samningsins frá 1949 og herstöðvarsamningsins frá 1951 og brottför alls herliðs af íslenskri grund er eðlileg og sjálfsögð ráðstöfun vopnlausrar friðarþjóðar. Hún er sjálfsögð vegna sóma okkar íslendinga í bráð og lengd og tilveru sem sérstakrar og sjálfstæðrar þjóðar. Hún er nauðsynleg vegna lífshagsmuna okkar, ef til slíkra ótíðinda sem kjarnorkustyrjaldar kynni að draga. En hún er auk alls þessa hið eina umtalsverða framlag okkar til að draga úr spennu og auðvelda friðsamlega sambúð þjóða.